



146. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ fimmtudaginn 3. apríl 2008 kl. 17:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga H. Magnúsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Oddný Árnadóttir 2. varamaður og Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir 3. varamaður,.

1. Ólympíuleikarnir í Peking

Forseti fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Ólympíuleikana. Samþykkt, venju samkvæmt, að bjóða embættismönnum stjórnar ÍSÍ að sækja leikana og nýta á víxl eitt herbergi á vegum ÍSÍ. Rætt um að gefa öðrum stjórnarmönnum kost á að sækja leikana í framtíðinni ef kostur er og með tilliti til kostnaðaráætlana hverju sinni.

Friðrik Einarsson ítrekaði nauðsyn þess að skilgreina vel hlutverk þeirra sem verða á vegum ÍSÍ á Ólympíuleikunum.

2. Konur-íþróttir-stjórnun

Forseti kynnti hugmyndir sínar varðandi viðburð fyrir konur, með það að markmiðið að opna umræðu sem stuðlað gæti að fjölgun kvenna í stjórnun íþróttar. Samþykkt að skipa Lárus Blöndal, Helgu H. Magnúsdóttur og Helgu Steinunni Guðmundsdóttur í vinnuhóp til undirbúnings og skipulagningar. Fyrirhuguð tímasetning fyrir ofangreindan viðburð er haustið 2008.

3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – staðfestingar

Fræðsluvið ÍSÍ hefur farið yfir umsóknir Íþróttafélagsins Fjarðar og Sundfélags Akraness um viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og staðfest að umrædd félag uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til Fyrirmyndarfélaga. Umsóknirnar samþykktar. Skrifstofa verður í sambandi við sviðsstjóra Fræðsluviðs ÍSÍ vegna afhendingu viðurkenninganna.

4. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður vinnuhóps um Ferðasjóð íþróttafélaga skýrði frá því að styrkgreiðslur til umsækjenda hefðu verið greiddar út þann 31. mars sl. og þar með væri þessari fyrstu úthlutun lokið. Hún skýrði frá því að svo virtist sem almenn ánægja væri með úthlutunina úti í hreyfingunni. Fyrirhugaður er fundur með vinnuhópi til að vinna forsendur fyrir úthlutun 2008 og vinna úr reynslunni sem fékkst við undirbúning og framkvæmd þessarar fyrstu úthlutunar. Greinargerð til ráðuneytis verður unnin af skrifstofu.

5. Rannsóknarmiðstöð íþróttá

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu forsögu. Verið er að kanna aðkomu háskólanna í Reykjavík að rekstri miðstöðvarinnar. Forseta og framkvæmdastjóra gefin heimild til að vinna áfram að málinu án þess að skuldbinda sambandið á neinn hátt.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- a. 145. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- b. 4. fundar framkvæmdaráðs frá 21.2.2008
- c. 5. fundar framkvæmdaráðs frá 27. mars 2008
- d. Afrekssviðs frá 14. mars 2008
- e. 1. og 2. fundar Íslenskra getrauna
- f. 532., 533., 534. og 535. fundar Íslenskrar getspár

7. Þing og fundir

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru og listað upp hverjir mæta fyrir hönd ÍSÍ á viðkomandi viðburði.

8. Wushu íþróttin

Heilsudrekinn – Wushufélag Reykjavík hefur sótt um aðild að ÍBR. Skrifstofa hefur kannað stöðu mála á Norðurlöndum og hjá Alþjóða Ólympíunefndinni varðandi wushu íþróttina, sem ekki hefur innan vébanda ÍSÍ til þessa. Samþykkt var að viðurkenna þær íþróttagreinar innan Wushu sem viðurkenndar hafa verið af Alþjóða Ólympíunefndinni, þ.e. Changquan, Nanquan, Daoshu og Gunshu fyrir karla og Changquan, Taijiquan, Jianshu, Qiangshu fyrir konur. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar við lög Heilsudrekans – Wushu Reykjavík og verða þau endursend með ósk um lagfæringar.

9. Önnur mál

Málþing um forvarnir

Forseti skýrði frá málþingi sem haldið var fyrir í dag um forvarnir. Ákveðið var að halda málþingið í kjölfar Forvarnardags Forseta Íslands á síðasta ári en ÍSÍ var aðili að undirbúningi og framkvæmd þess verkefnis.

Heiðursráð

Hafsteinn Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Halla Kjartansdóttir skipuð í vinnuhóp um stofnun Heiðursráðs ÍSÍ. Vinnuhópurinn skal skoða reglur um heiðursveitingar og koma með tillögur um ýmsa þætti sem slíkt ráð gæti haft umsjón með.

Heiðursveitingar

Frá síðasta fundi framkvæmdastjórnar hafa verið samþykktar eftirfarandi heiðursveitingar:

Gullmerki ÍSÍ til **Þórðar Árna Hjaltested**, stjórnarmanns ÍF, í tilefni 50 ára afmælis hans. Þórður Árni hefur setið í stjórn ÍF um áraraðir og m.a. gegnt varaformannsembætti. Hann hefur setið í alþjóðanefndum um íþróttir fatlaðra og komið að þjálfun fatlaðra íþróttamanna. Hafsteinn Pálsson afhenti merkið á formannafundi Íþróttasambands fatlaðra á dögnum.

Silfurmerki ÍSÍ til **Kára Jónssonar** íþróttakennara á Laugarvatni í tilefni af 100 ára afmæli Umf. Laugdæla 5. mars sl. Kári hefur starfað lengi í þágu

Íþróttahreyfingarinnar og setið í ýmsum nefndum og ráðum á vegum ÍSÍ.
Engilbert Olgeirsson afhenti Kára viðurkenninguna.
Silfurmerki ÍSÍ til **Guðríðar Aadnegard** ritara HSK fyrir góð störf í þágu
Íþróttahreyfingarinnar en Guðríður hefur einnig verið formaður Íþróttafélagsins
Hamars í Hveragerði um árabíl. Forseti ÍSÍ afhenti Guðríði viðurkenninguna á
árspingi HSK.

Yfirlit yfir fjárframlög

Sigríður Jónsdóttir greindi frá yfirliti yfir fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til
Íþrótt- og æskulýðsmála sem lagt var fram á fundi Íþróttanefndar ríkisins.

Vetrariþóttamiðstöð Íslands

Friðrik Einarsson skýrði frá starfsemi og rekstri Vetrariþóttamiðstöðvar Íslands en
Friðrik situr í stjórn miðstöðvarinnar sem fulltrúi ÍSÍ.

Ársreikningur ÍSÍ

Gunnar Bragason tilkynnti að ársreikningur ÍSÍ væri tilbúinn, undirritaður af
endurskoðendum og embættismönnum.

Næsti fundur

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn 22. maí nk. kl. 16:15. Minnt á
dagskrá í Forvarnarhúsi Sjóvá 17. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari